

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um brottfall úr framhaldsskólum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvert var brottfall úr íslenskum framhaldsskólum á síðasta ári*

- a. sundurliðað eftir kynjum og skólum á vorönn og haustönn, og*
- b. sundurliðað eftir bóknámi og verknámi?*

Þær tölfræðiupplýsingar sem hér eru lagðar fram um brottfall úr framhaldsskólum eru unnar af Hagstofu Íslands og sýna hlutfall þeirra nemenda í dagskóla sem hurfu frá námi frá hausti 2004 til hausts 2005, sjá eftirfarandi töflur. Brottfall telst 16,4% meðal dagskólánemenda á þessu tímabili. Hlutfallstölur um brottfall fyrir einstaka skóla eru mjög mismunandi. Samanburðarhæfar upplýsingar fyrir Norðurlönd liggja ekki fyrir.

Sú vinnuáðferð sem notuð er við að reikna út brottfall tekur mið af við skráðum nemendum í dagskóla samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands um miðjan október 2004 og fjöldi þeirra er borinn saman við fjölda skráðra nemenda í öllum skólum innan lands um miðjan október 2005. Þeir nemendur sem samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands útskrifuðust ekki á þessu tímabili og voru ekki skráðir í skóla haustið eftir teljast samkvæmt þessari skilgreiningu brottfallnir. Nemendur á námssamningi eru taldir með eftir því sem upplýsingar liggja fyrir. Hér er einungis um að ræða eina leið til að skilgreina brottfall.

Þar sem gagnaöflun Hagstofu Íslands um nemendafjölda í framhaldsskólum miðast einungis við fjölda nemenda um miðjan október ár hvert er ekki unnt að greina brottfall eftir önnum.

Tölur um brottfall frá hausti 2005 til hausts 2006 munu liggja fyrir hjá Hagstofu Íslands í janúar 2007.

Fyrirvara verður að hafa á því að telja alla þá nemendur brottfallsnemendur sem fyrrgreind tala og töflurnar sýna enda ljóst að brottfall er oft tímabundið og að margir þessara nemenda hefja nám að nýju. Sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi gerir nemendum kleift að hverfa tímabundið frá námi. Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi um tíma. Varasamt er því að telja alla þá nemendur sem gera hlé á námi sínu brottfallsnemendur. Ljóst er einnig að atvinnuástand hér á landi hefur áhrif á skólasókn. Eftirspurn eftir vinnuafli hér hefur verið mjög mikil á undanförunum árum. Aðstæður á vinnumarkaði erlendis eru víða gjörólíkar aðstæðum hér á landi. Í mörgum Evrópulöndum veldur mikið atvinnuleysi til langs tíma því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er. Samanburður milli landa getur því verið varasamur.

Hér verður einnig gerð grein fyrir hve hátt hlutfall þeirra nemenda sem samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu töldust brottfallnir 2002–2003 og 2003–2004 hafði hafið nám að nýju til og með hausti 2005.

Af þeim sem töldust brottfallnir 2002–2003 höfðu samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands samtals 43,8% hafið nám að nýju haustið 2004 og haustið 2005. Af þeim sem töldust brottfallnir 2003–2004 höfðu samkvæmt sömu skrá 29,6% hafið nám að nýju haustið 2005.

Framangreindar tölur um endurkomu nemenda sem töldust brottfallnir sýna ljóslega að brottfall er oft og tíðum tímabundið.

### **Brottfall nemenda á framhaldsskólastigi, 2004–2005.**

Vinnuaðferð: Taldir eru saman nemendur í dagskóla á framhaldsskólastigi í völdum skólum (sjá neðar) um miðjan október 2004 samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og þeir bornir saman við skráða nemendur í öllum skólum innan lands (framhaldsskólum, háskólum, sérskólum og tónlistarskólum) um miðjan október 2005. Nemendur haustið 2004 sem ekki voru í námi haustið 2005 voru bornir saman við útskrifaða nemendur í öllum skólum frá 1. desember 2004 til 30. nóvember 2005 samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Þeir nemendur sem hvorki hafa útskrifast á þessu tímabili né koma fram í nemendaskrá haustið 2005 teljast vera brottfallnir þetta ár.

#### **Heildarbrottfall:**

Fjöldi nemenda í dagskóla haustið 2004	19.347
Nemendur í dagskóla haustið 2004 sem ekki koma fram í neinum skóla á framhaldsskólastigi og háskólastigi innan lands haustið 2005	4.914
Þar af brautskráðir frá 1. desember 2004 til 30. nóvember 2005	1.739
Látnir 16. október 2004 til 15. október 2005	5
<b>Brottfallnir nemendur frá hausti 2004</b>	<b>3.170</b>
<b>Brottfall í %</b>	<b>16,4</b>

	<b>Nemendur 2004</b>	<b>Brottfall, fjöldi</b>	<b>Brottfall, %</b>
<b>Brottfallnir eftir kyni:</b>			
Karlar	9.760	1.773	18,2
Konur	9.587	1.397	14,6
<i>Alls</i>	<i>19.347</i>	<i>3.170</i>	<i>16,4</i>
<b>Brottfallnir eftir flokkun náms:</b>			
Bóknám	12.304	1.621	13,2
Starfsnám	7.043	1.549	22,0
<i>Alls</i>	<i>19.347</i>	<i>3.170</i>	<i>16,4</i>
<b>Brottfallnir eftir skólum:</b>			
Borgarholtsskóli	1.012	212	20,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	379	87	23,0
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	132	36	27,3
Fjölbrautaskóli Suðurlands	858	159	18,5
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	796	172	21,6
Fjölbrautaskóli Vesturlands	609	89	14,6
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.156	224	19,4
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	620	80	12,9
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	927	155	16,7
Flensborgarskóli	595	83	14,0
Framhaldsskólinn á Húsavík	153	44	28,8
Framhaldsskólinn á Laugum	104	30	28,8

	<b>Nemendur 2004</b>	<b>Brottfall, fjöldi</b>	<b>Brottfall, %</b>
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	129	53	41,1
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	222	42	18,9
Garðyrkjuskólinn á Reykjum	35	3	8,6
Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	33	5	15,2
Hraðbraut – menntaskóli	131	23	17,6
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	20	2	10,0
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	0	0,0
Iðnnemar á samningi utan skóla	649	140	21,6
Iðnskólinn í Hafnarfirði	553	174	31,5
Iðnskólinn í Reykjavík	1.498	496	33,1
Kvennaskólinn í Reykjavík	561	24	4,3
Kvikmyndaskóli Íslands	39	4	10,3
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	35	4	11,4
Listdansskóli Íslands	1	0	0,0
Menntaskólinn að Laugarvatni	140	10	7,1
Menntaskólinn á Akureyri	663	26	3,9
Menntaskólinn á Egilsstöðum	301	32	10,6
Menntaskólinn á Ísafirði	339	62	18,3
Menntaskólinn í Kópavogi	1.021	164	16,1
Menntaskólinn í Reykjavík	832	12	1,4
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.045	71	6,8
Menntaskólinn við Sund	771	43	5,6
Myndlistaskólinn á Akureyri	8	0	0,0
Myndlistaskólinn í Reykjavík	23	2	8,7
Snyrtiskóli Reykjavíkur	47	7	14,9
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	77	16	20,8
Tannsmiðaskóli Íslands	12	0	0,0
Tækniháskóli Íslands	163	39	23,9
Verkmenntaskóli Austurlands	173	51	29,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.122	231	20,6
Verslunarskóli Íslands	1.097	19	1,7
Vélskóli Íslands	195	40	20,5
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	47	4	8,5
<b>Alls</b>	<b>19.347</b>	<b>3.170</b>	<b>16,4</b>

Athugasemdir: Nemendur á almennri braut eru taldir með nemendum í bóknámi og nemendur í listnámi með nemendum í starfsnámi. Nemendur eru stundum skráðir í fleiri en einn skóla. Þá eru þeir í nemendaskrá Hagstofu Íslands settir í þann skóla þar sem þeir stunda aðallega nám. Þó eru nemendur í listaskólum sem líka stunda nám annars staðar settir í aðra skóla en listaskóla.

**Brottfallnir 2002-2003 og 2003-2004 sem hófu nám að nýju til og með hausti 2005.****Brottfallnir 2002-2003 sem hófu nám að nýju haustin 2004 og 2005**

	<b>Fjöldi</b>	<b>% brotffallsnema</b>	<b>% brotffallsnema, uppsafnað</b>
Brottfallnir 2002-2003	2.749		
Í nám 2004	894	32,5	32,5
Í nám 2005	311	11,3	43,8
<b>Samtals</b>	<b>1.205</b>	<b>43,8</b>	<b>43,8</b>

**Brottfallnir 2003-2004 sem hófu nám að nýju haustið 2005**

	<b>Fjöldi</b>	<b>% brotffallsnema</b>	<b>% brotffallsnema, uppsafnað</b>
Brottfallnir 2003-2004	3.102		
Í nám 2005	919	29,6	29,6
<b>Samtals</b>	<b>919</b>	<b>29,6</b>	<b>29,6</b>

Skýringar: Skoðuð voru afdrif brotffallinna nemenda með samanburði á nemendaskrá og prófaskrá Hagstofu Íslands. Athugaðir voru nemendur haustið 2002 sem voru ekki skráðir í skóla haustið eftir og nemendur haustið 2003 sem voru ekki í skóla haustið 2004. Athugað var hvort þessir nemendur höfðu skilað sér aftur í skóla til og með hausti 2005.